

Breytingatillögur Vinstri grænna við gjaldskrár Reykjavíkurborgar 2025 – FAS24010022

V1 – Breytingatillaga Vinstri grænna um frístundaheimili

Lagt er til að gjöld fyrir síðdegishressingu á frístundaheimilum og fyrir vetrarstarf frístundaheimila og sértækra félagsmiðstöðva séu afnumin.

Tekjulækkunin verði fjármögnuð af ófyrirséð og fjárheimildir skóla- og frístundasviðs hækkaðar á móti.

V2 - Breytingatillaga Vinstri grænna um skólahljómsveitir og Tónlistarskólann Klébergi

Lagt er til að gjaldskrár fyrir skólahljómsveitir og Tónlistarskólann Klébergi haldist óbreyttar frá árinu 2024.

Tekjulækkunin verði fjármögnuð af ófyrirséð og fjárheimildir skóla- og frístundasviðs hækkaðar á móti.

V3 - Breytingatillaga Vinstri grænna um námsgjald í leikskólum

Lagt er til að námsgjald í leikskólum verði afnumið með öllu.

Tekjulækkunin verði fjármögnuð af ófyrirséð og fjárheimildir skóla- og frístundasviðs hækkaðar á móti.

V4 - Breytingatillaga Vinstri grænna um fæðisgjald í leikskólum

Lagt er til að fæðisgjald í leikskólum verði afnumið.

Tekjulækkunin verði fjármögnuð af ófyrirséð og fjárheimildir skóla- og frístundasviðs hækkaðar á móti.

V5 - Breytingatillaga Vinstri grænna um bílastæðakort

Lagt er til að gjald fyrir íbúakort raf- og vetnisbíla sé fært til samræmis við hefðbundið mánaðargjald íbúakorts og sé því hækkað úr 1.450,- krónum í 2.900,- krónur.

V6 - Breytingatillaga Vinstri grænna um aukastöðugjöld

Lagt er til að aukastöðugjöld séu hækkuð úr 4.500,- krónum í 6.500,- krónur og að afsláttur ef greitt er innan þriggja daga sé hækkaður úr 1.100,- krónum í 2.000,- krónur.

V7 - Breytingatillaga Vinstri grænna um sundstaði

Lagt er til að gjöld á 67 ára og eldri verði afnumin á sundstöðum og því falli út gjald fyrir árskort 67 ára og eldri.

Tekjulækkunin verði fjármögnuð af ófyrirséð og fjárheimildir menningar- og íþróttasviðs verði hækkaðar á móti.

V8 - Breytingatillaga Vinstri grænna um frístundastarf í Hinu húsinu

Lagt er til að gjöld fyrir frístundastarf í Hinu húsinu ásamt gjöldum fyrir síðdegishressingu séu afnumin.

Tekjulækkunin verði fjármögnuð af ófyrirséð og fjárheimildir menningar- og íþróttasviðs verði hækkaðar á móti.

V9 - Breytingatillaga Vinstri grænna um menningarkort 67 ára og eldri

Lagt er til að gjald fyrir menningarkort fyrir 67 ára og eldri verði afnumið.

Tekjulækkunin verði fjármögnuð af ófyrirséð og fjárheimildir menningar- og íþróttasviðs verði hækkaðar á móti.

V10 - Breytingatillaga Vinstri grænna um Listasafn Reykjavíkur og Borgarsögusafn

Lagt er til að aðgangseyrir á listasöfnin í Reykjavík séu afnumin.

Tekjulækkunin verði fjármögnuð af ófyrirséð og fjárheimildir menningar- og íþróttasviðs verði hækkaðar á móti.